



Ársskýrsla Gildis – lífeyrissjóðs 2005



Ársskýrsla Gildis – Lífeyrissjóðs 2005

Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns	3
Stjórn	4
Starfsmenn	5
Stofnun Gildis – samruni Lífeyrissjóðsins Framsýnar og Lífeyrissjóðs sjómanna	6
Nýjar réttindareglur	7
Iðgjöld	8
Lífeyrir	9
Lán til sjóðfélaga	10
Fjárfestingarstefna	12
Fjárfestingar	13
Verðbréfaeign	13
Ávöxtun	14
Fjárfestingar erlendis	16
Gjaldmiðlaskiptasamningar	18
Séreignardeild	19
Tryggingafræðileg úttekt	20
Gildi valinn besti Lífeyrissjóðurinn á Íslandi	21
Ársreikningur	24
Financial Statements.....	46



Ávarp stjórnarformanns

Góðir sjóðfélagar

Árið 2005 var fyrsta rekstrarár Gildis-lífeyrissjóðs, sem varð til við sameiningu Lífeyrissjóðsins Framsýnar og Lífeyrissjóðs sjómanna. Sjóðurinn tók til starfa 1. júní 2005, en sameiningin byggði á uppgjöri sjóðanna í árslok 2004.

Ég ætla að það sé nú þegar mat flestra að sameining sjóðanna hafi verið mikið gæfuspör. Markmiðin með sameiningunni voru ekki síst að bæta tryggingafræðilega dreifingu með fjölbreyttari hópi sjóðfélaga og að styrkja hæfni sjóðsins til eignastýringar í flóknara umhverfi þar sem stærri hluti eigna sjóðsins mun þurfa að ávaxtast erlendis og þróuðum áhættuvörnum þarf að beita. Síðast en ekki síst er stefnt að því að sjóðurinn veiti góða þjónustu og að rekstur hans sé eins hagkvæmur og frekast er kostur.

Það var ánægjuleg staðfesting á því að hinn nýi sjóður væri á réttri leið að honum skyldi hlotnast viðurkenning tímaritsins Investment & Pensions Europe sem besti lífeyrissjóður á Íslandi vegna framúrskarandi árangurs við eignastýringu og forystu í breytingum á réttinda-kerfi lífeyrissjóða. Stjórn sjóðsins hefur varið mestu af tíma sínum í umræður um réttinda-ávinnslu í sjóðnum og í þróun fjárfestingarstefnu. Er ljóst að starfsfólk sjóðsins hefur unnið gríðarlega gott starf við undirbúning stefnumörkunar, framkvæmd fjárfestingarstefnu og áhættuvarnir. Sú umframávöxtun sem náðst hefur hjá Gildi miðað við meðaltal sambærilegra sjóða nemur milljörðum króna og kemur sjóðfélögum til góða í formi hækkunar á áunnum réttindum. Útdeiling þess ávinnings gerist þó aðeins eftir á ef svo má segja því þegar horft er fram í tímann og svokallaðar réttindatöflur kynntar verða allir sjóðir að miða við sömu raunávöxtun í sínum útreikningum, 3,5%. Þá ræður samsetning sjóðfélaganna í raun mestu um þau réttindi sem fást fyrir hverja krónu iðgjalds. Sú leið sem farin var hjá Gildi við breytingu yfir í aldurstengda réttindaávinnslu hefur almennt orðið til fyrirmyndar hjá þeim sjóðum sem ekki höfðu þegar gert þessa breytingu.

Mikil umræða á sér nú stað um frekari sameiningu í lífeyrissjóðakerfinu og búast flestir við að virkir sjóðir sem taki við iðgjöldum verði ekki mikið fleiri en 5 að nokkrum árum liðnum. Er þá verið að tala um samningsbundnu samtryggingarsjóðina en ekki frjálsa sjóði. Þrír stærstu sjóðirnir varðveita nú þegar meira en helming allra eigna í íslenskum lífeyrissjóðum. Hefðbundið er að horfa á skiptingu í opinbera starfsmenn, verslunar- og skrifstofufólk, iðnaðarmenn og svo verkafólk og sjómenn. Mismunandi örorkulíkur hafa fram til þessa verið helsta ástæðan í vegi fyrir sameiningum þvert á þessa hópa. Með því útspili ríkisstjórnarinnar í tengslum við staðfestingu á gildi kjarasamninga í nóvember sl. að verja ákveðinni fjárhæð árlega í að jafna stöðu lífeyrissjóða á samningssviði ASÍ og SA með tilliti til örorkubyrði, hafa hins vegar opnast nýir möguleikar í þessum efnunum og verður athyglisvert að sjá hvaða áhrif það hefur.

Ef litið er nánar á helstu tölur úr rekstri Gildis á árinu 2005 þá greiddu 3.933 launagreiðendur iðgjöld til sjóðsins, samtals að fjárhæð kr. 6.628 fyrir 38.951 sjóðfélaga og lífeyrisgreiðslur námu alls 4.125 milljónum króna. Heildarfjöldi lífeyrisþega var 13.629. Raunávöxtun sjóðsins á árinu var mjög góð eða 17,8% og meðalávöxtun sl. 5 ára er 8,6%.

Tryggingafræðileg úttekt var gerð á stöðu sjóðsins miðað við árslok 2005. Samkvæmt henni átti sjóðurinn 32.077 milljónir króna umfram áunnin réttindi sjóðfélaga og 28.877 milljónir króna umfram heildarskuldbindingar í árslok miðað við 3,5% vexti. Eignir umfram skuldbindingar í árslok 2005 nema því 10,9%. Í því ljósi hefur stjórn sjóðsins ákveðið að leggja til við ársfund sjóðsins að réttindi sjóðfélaga og lífeyrisþega verði hækkuð um 7% frá 1. janúar 2006.

Ari Edwald, stjórnarformaður.

Stjórn

Stjórn sjóðsins er skipuð átta mönnum. Fjórir skulu kosnir af fulltrúum sjóðfélaga á ársfundi og fjórir af stjórn Samtaka atvinnulífsins. Í samþykktum sjóðsins er ákvæði til bráðabirgða til þriggja ára sem segir til um kosningu fulltrúa stéttarfélaganna. Þetta ákvæði er til að tryggja nauðsynlega festu og traust sjóðfélaga beggja eldri sjóða á sameiningunni.

Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár og skal árlega kjósa helming stjórnarmanna og varamenn þeirra. Á stofnfundi sjóðsins 27. apríl 2005 var helmingur stjórnarmanna kosinn til tveggja ára og helmingur til eins árs. Eftirtaldir skipa stjórn sjóðsins til ársfundar 2006:

Ari Edwald, formaður
Helgi Laxdal, varaformaður
Friðrik J. Arngrímsson
Höskuldur H. Ólafsson
Konráð Alfreðsson
Sigurður Bessason
Sveinn Hannesson
Þórunn Sveinbjörnsdóttir

Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Hún setur sjóðnum fjárfestingarstefnu og skal fjalla um allar meiri-háttar ákvarðanir varðandi stefnumótun og starfsemi sjóðsins. Stjórnin skiptir með sér verkum, þó skulu fulltrúar vinnuveitenda og stéttarféлага hafa á hendi formennsku til skiptis eitt ár í senn. Samkvæmt samþykktum sjóðsins skulu stjórnarmenn ekki sitja lengur en 8 ár samfleytt sem aðalmenn í stjórn.

Á árinu 2005 voru haldnir alls 12 stjórnarfundir hjá Gildi, auk þess voru haldnir 7 stjórnarfundir hjá Lífeyrissjóðnum Framsýn og 8 hjá Lífeyrissjóði sjómanna.



Stjórn Gildis-Lífeyrissjóðs. Frá vinstri: Sigurður Bessason, Konráð Alfreðsson, Friðrik J. Arngrímsson, Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Ari Edwald, Höskuldur H. Ólafsson, Helgi Laxdal og Sveinn Hannesson.

Starfsmenn



Í apríl 2006 er 21 starfsmaður hjá Gildi-Lífeyrissjóði. Á myndinni sem var tekin 15. mars sl. eru:

Standandi frá vinstri

Standandi frá vinstri	Starfssvið
Örn Arnþórsson	Skrifstofustjóri
Ólafur Arason	Forstöðumaður tölvu- og upplýsingakerfa
Tryggvi Tryggvason	Forstöðumaður eignastýringar
Nanna Þórarinsdóttir	Skráning iðgjalda
Áslaug Jónsdóttir	Skráning iðgjalda
Ingileif Kristinsdóttir	Bókhald/sérverkefni
Valdimar Óskarsson	Innheimta iðgjalda
Örn Guðnason	Lánamál
Anna Lis Hjaltadóttir	Innheimta iðgjalda
Hjördís Karlsdóttir	Afgreiðsla/móttaka
Guðrún Sigurðardóttir	Lánamál
Friðgerður Friðriksdóttir	Innheimta iðgjalda
Bjarney Sigurðardóttir	Deildarstjóri séreignardeildar

Sitjandi frá vinstri

Kristrún Sigurðardóttir	Gjaldkeri
Brynja Rut Brynjarsdóttir	Aðalbókari
Kristín Pétursdóttir	Skráning iðgjalda
Valgerður Hanna Hreinsdóttir	Lífeyrismál
Auður Eggertsdóttir	Lífeyrismál
Halldór Kristinsson	Eignastýring
Árni Guðmundsson	Framkvæmdastjóri

Á myndina vantar

Sigrúnu Erlendsdóttur	Lífeyrismál
-----------------------	-------------

Stofnun Gildis – lífeyrissjóðs

Samruni Lífeyrissjóðsins Framsýnar og Lífeyrissjóðs sjómanna

Hinn 21. apríl 2004 gerðu stjórnir Lífeyrissjóðsins Framsýnar (LF) og Lífeyrissjóðs sjómanna (LS) með sér samkomulag um að láta kanna hagkvæmni þess að sameina sjóðina. Skipuð var viðræðunefnd og í henni áttu sæti formenn, varaformenn og framkvæmdastjórar sjóðanna, Sigurður Bessason, Ari Edwald og Bjarni Brynjólfsson frá LF og Helgi Laxdal, Höskuldur H. Ólafsson og Árni Guðmundsson frá LS. Þá störfuðu tryggingafræðingar sjóðanna, þeir Bjarni Þórðarson og Vigfús Ásgeirsson, með viðræðunefndinni. Þórarinn V. Þórarinnsson hdl. var fenginn til að stýra verkefninu og vinna að lagalegum álitaeftum tengdum sameiningunni.

Í samkomulagi sjóðanna var lögð áhersla á könnun á áhættuþáttum sjóðanna, áhrifum á rekstur og getu þeirra til greiðslu lífeyris. Nefndin skilaði áfangaskýrslu 10. júní 2004 þar sem einkum var fjallað um framangreind atriði. Niðurstaða hennar var sú að sameinaður sjóður yrði betur í stakk búinn til að tryggja sem hæstar lífeyrisgreiðslur, áhætta hans dreifðist betur og stærra eignasafn gæfi færi á öflugri eignastýringu. Þá mætti ná fram hagkvæmari rekstri og bættri þjónustu við sjóðfélaga og launagreiðendur.

Á grundvelli áfangaskýrslunnar samþykktu stjórnir sjóðanna að fela viðræðunefndinni að vinna tillögur að sameiningu þeirra og drög að samþykktum fyrir sameinaðan sjóð. Var ákveðið að kanna skyldi sérstaklega kosti og galla þess að taka upp nýtt ávinnskakerfi réttinda þar sem réttindamyndun fylgi verðmæti iðgjalds á hverjum tíma, þ.e. aldurstengt réttindakerfi.

Á starfstíma nefndarinnar komu fram nýjar upplýsingar tryggingafræðinga þess efnis að vaxandi lífslíkur auki ellilífeyrisþyrði sjóðanna og að bráðabirgðaniðurstöður úr athugun á örorkutíðni sem tekur til 17 lífeyrissjóða sýni mun meiri tíðni örorkutilvika á árunum 1998 til og með 2002 en búist hafði verið við. Þessar breyttu forsendur juku mjög lífeyrisskuldbindingar beggja sjóða og var óhjákvæmilegt að taka mið af þeim við mótun tillagna um samhengi iðgjalda og réttindaávinnslu.

Viðræðunefndin skilaði lokaskýrslu 21. febrúar 2005 og á grundvelli tillagna nefndarinnar samþykktu stjórnir beggja sjóðanna að leggja til við ársfundi þeirra að sjóðirnir sameinuðust frá 1. júní 2005 og að tekin yrði upp aldurstengd ávinnsla réttinda í stað jafnar með sérstökum aðlögunarákvæðum fyrir þá sjóðfélaga sem greitt höfðu til sjóðanna í jafnri réttindaávinnslu.

Á ársfundum Lífeyrissjóðsins Framsýnar og Lífeyrissjóðs sjómanna sem haldnir voru 27. apríl 2005 var staðfestur samningur um samruna sjóðanna frá og með 1. júní 2005. Að ársfundunum loknum var haldinn stofnfundur hins nýja sjóðs þar sem samþykkt var að hann fengi nafnið Gildi–lífeyrissjóður og tók hann við öllum eignum, réttindum og skuldbindingum Lífeyrissjóðsins Framsýnar og Lífeyrissjóðs sjómanna frá og með 1. júní 2005. Frá þeim tíma ávinna sjóðfélagar sér réttindi samkvæmt nýju aldurstengdu réttindakerfi, en öll áunnin réttindi í eldri sjóðunum haldast óbreytt.



Nýjar réttindareglur

Þegar lífeyrissjóðirnir voru stofnaðir var tekin sú ákvörðun að sömu réttindi kæmu fyrir sama iðgjald án tillits til aldurs greiðandans þótt ljóst sé að verðmæti iðgjaldsins sé mjög mismunandi eftir því hvenær starfsævinnar það er greitt. Ákvörðun þessi byggði m.a. á þeirri forsendu að allir greiddu sama hlutfall af launum sem þróuðust með sama hætti út starfsævina og því að kerfi jafnrar ávinnslu yrði ríkjandi þannig að allir yrðu við það bundnir.

Forsendur fyrir jafnri ávinnslu hafa hins vegar brugðist og eru aðrar en þær voru við stofnun sjóðanna. Við þessum breyttu forsendum varð að bregðast með upptöku aldurstengds réttindakerfis þar sem lífeyrisloforð á hverjum tíma eru í samræmi við verðmæti iðgjaldsins sem tekið er við.

Breyting úr jafnri réttindaávinnslu yfir í aldurstengda er flókin að því leyti að tryggja þarf hagsmuni þeirra sem greitt hafa í jafnri ávinnslu fyrri hluta starfsævinnar og hafa á því tímabili fengið minni lífeyrisloforð en svarar til verðmætis iðgjalda þeirra í trausti þess að þeir vinni það upp á síðari hluta starfsævinnar þegar verðmæti lífeyrisloforðanna er meira en verðmæti iðgjaldsins. Því er í nýju réttindakerfi gert ráð fyrir að þeir sem hafa á fyrri hluta starfsævinnar fengið réttindi í jafnri ávinnslu fái að ákveðnum skilyrðum uppfylltum rétt á að halda áfram að ávinna sér réttindi í jafnri ávinnslu.

Forsenda þess að sjóðfélagar fái áfram að greiða í jafna réttindaávinnslu er sú að þeir hafi greitt iðgjöld til sjóðsins á fyrri hluta starfsævinnar og þá fengið minni réttindi en raunverulegt verðmæti iðgjaldsins segir til um. Skilyrði er að sjóðfélagi hafi greitt iðgjöld fyrir 42 ára aldur. Ef hann hefur greitt í 5 ár eða lengur til sjóðsins öðlast hann rétt til að greiða í jafna ávinnslu allt til 70 ára aldurs. Hafi hann greitt skemur en 5 ár fyrir 42 ára aldur fær hann að greiða í jafnmarga mánuði og hann hafði áður greitt til sjóðsins.

Réttur til jafnrar ávinnslu reiknast út frá greiddum iðgjöldum á árinu 2003 eða síðasta árið sem viðkomandi greiddi til sjóðsins hafi það verið fyrr. Er þetta nefnt viðmiðunariðgjald og tekur það breytingum í hlutfalli við breytingar á vísitölu neysluverðs. Viðmiðunariðgjaldið skal þó ekki taka mið af iðgjaldsgreiðslum umfram 10% af iðgjaldsstofni. Iðgjaldsgreiðslur umfram verðtryggt viðmiðunariðgjald færast í aldurstengdri réttindaávinnslu.

Eftir að Gildi tók upp nýjar réttindareglur hafa nokkrir lífeyrissjóðir tekið upp sama réttindakerfi og í framhaldi af því hafa þessir sjóðir gert með sér samkomulag um gagnkvæma viðurkenningu á rétti til þess að halda áfram að ávinna sér réttindi í jafnri ávinnslu. Eftirtaldir sjóðir hafa tekið upp sama réttindakerfi og Gildi og eru aðilar að framangreindu samkomulagi: Lífeyrissjóður Austurlands, Lífeyrissjóður Suðurlands, Lífeyrissjóður Vestfirðinga, Lífeyrissjóður Vestmannaeyja, Lífeyrissjóður Vesturlands, Lífeyrissjóður verslunarmanna og Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda.




Iðgjöld

Iðgjöld til sjóðsins á árinu 2005 voru að lágmarki 11% af heildarlaunum. Launþegar greiddu 4% og atvinnurekendur 7%. Ýmsir kjarasamningar þeirra stéttarféлага sem aðild eiga að sjóðnum kveða síðan á um hærra framlag eða allt að 15,5%. Allir launamenn greiða iðgjöld frá 16 ára aldri til 70 ára aldurs.

Alls greiddi 38.951 sjóðfélagi hjá 3.933 launagreiðendum iðgjöld til sjóðsins á árinu 2005. Heildariðgjöld voru 6.628 milljónir króna. Sjóðfélagar í árslok voru samtals 164.135.


Iðgjöld ársins 2005 eftir aldri iðgjaldagreiðenda

Iðgjöld í milljónum kr.



Aldurssamsetning sjóðféлага

Fjöldi



Lífeyrir

Lífeyrisgreiðslur ársins 2005 námu 4.125 milljónum króna og hækkuðu um 11,5% á milli ára. Lífeyrir sem hlutfall af greiddum iðgjöldum var 61,9% en var 65,1% á árinu 2004. Lífeyrir sem hlutfall af hreinni eign var 2,2% en var 2,5% á árinu 2004. Allar tölur vegna ársins 2004 eru samanlagðar tölur Lífeyrissjóðsins Framsýnar og Lífeyrissjóðs sjómanna.

Fjöldi lífeyrisþega

Lífeyrisþegar á árinu 2005 voru 13.629 og þar af fengu 1.315 greidda fleiri en eina tegund lífeyris. Skipting á milli einstakra lífeyristegunda var sem hér segir:


	2005	2004	Breyting milli ára
Ellilífeyrir	8.114	7.925	+ 2,3%
Örorkulífeyrir	3.791	3.542	+ 7,0%
Makalífeyrir	1.679	1.670	+ 0,1%
Barnalífeyrir	1.360	1.298	+ 4,7%
Samtals:	14.944	14.435	+ 3,5%

Lífeyrisgreiðslur

	2005	2004	Breyting milli ára
Ellilífeyrir	2.247.750.404	2.025.320.566	+ 10,9%
Örorkulífeyrir	1.425.093.761	1.259.526.130	+ 13,1%
Makalífeyrir	308.712.793	280.971.339	+ 9,8%
Barnalífeyrir	89.277.124	88.286.764	+ 1,1%
Samtals:	4.070.834.082	3.654.101.799	+ 11,1%

Gildi-lífeyrissjóður greiddi einnig lífeyri fyrir hönd Umsjónarnefndar eftirlauna til 316 sjóðfélaga eða maka látinna sjóðfélaga, samtals 29,1 milljón króna. Lífeyrisgreiðslur úr séreignardeild Gildis voru alls 25,2 milljónir króna á árinu 2005.

Skipting örorkulífeyrisþega á árinu 2005 eftir stærstu sjúkdómaflokkum



Lán til sjóðfélaga

Töluverð eftirspurn var eftir lánum frá sjóðnum á árinu 2005. Ákveðið var að aflétta reglum um hámarkslán og miða eingöngu við veðhæfi eigna og einnig að opna fyrir lánveitingar til allra sjóðfélaga án tillits til þess hvenær síðast var greitt til sjóðsins. Veitt voru alls 435 lán, samtals að fjárhæð 1.552 milljónir króna.

Skipting lána sjóðsins á árinu 2005 var eftirfarandi:

Tegund lána	Fjárhæðir í millj. kr.	Fjöldi
Jafnar afborganir	862,9	291
Annuitet	689,3	144

Vextir	Fjárhæðir í millj. kr.	Fjöldi
Fastir	1.397	375
Breytilegir	156	60

Lánareglur í mars 2006

- Lán eru veitt án fjárhæðatakmarkana.
- Lánstími 5 – 40 ár að vali lántakanda.
- Val um jafnar afborganir eða jafngreiðslulán (annuitet).
- Lánin eru verðtryggð miðað við vísitölu neysluverðs.
- Tveir til tólf gjalddagar á ári.
- Lán eru ýmist með föstum vöxtum samkvæmt ákvörðun sjóðstjórnar eða breytilegum. Breytilegir vextir taka breytingum 15. hvers mánaðar og eru 0,5% hærri en meðalávöxtun í síðasta almanaksmánuði á nýjasta flokki íbúðabréfa til 40 ára í viðskiptakerfi Kauphallar Íslands.

Lántökuskilyrði

- Umsækjandi þarf að vera sjóðfélagi í Gildi–lífeyrissjóði eða rétthafi í séreignardeild Gildis.
- Umsóknir eru teknar til afgreiðslu eftir því sem þær berast.
- Fasteignaveð: Aðeins er lánað gegn fasteignaveði í íbúðarhúsnæði. Veðsetningarhlutfall skal aldrei vera hærra en 65% af fasteignamati viðkomandi eignar. Í stað 65% af fasteignamati má þó miða við 65% af sölumati löggilts fasteignasala sem valinn skal í samráði við starfsmenn sjóðsins. Lántaki greiðir kostnað við slíkt sérmát ef til kemur. Hvort sem miðað er við 65% af fasteignamati eða 65% af sölumati má veðsetning þó aldrei fara yfir 85% af brunabótamati eignarinnar.
- Umsækjanda ber að leggja fram veðbókarvottorð ásamt síðustu kvittunum fyrir greiðslum áhvílandi lána.
- Lántökugjald er 1,0 % af lánsupphæð. Þinglýsingar, stimpilgjöld og innheimtukostnað banka ber lántakanda að greiða. Ef meta þarf eign vegna veðhæfis greiðist sá kostnaður af lántaka.



Fjárfestingarstefna

Fjárfestingarstefna sjóðsins fyrir árið 2006 var samþykkt á stjórnarfundum þann 28. nóvember 2005. Við móttöku fjárfestingarstefnu voru grunnþættir sjóðsins skoðaðir s.s. aldrisdreifing, tryggingafræðileg staða, eignasamsetning, framtíðargreiðsluflæði og sjóðstreymi. Niðurstaðan leiðir í ljós að allir grunnþættir sjóðsins eru í góðu lagi og stjórnendur hans hafa töluvert svigrúm við val á eignaflokkum og tímalengd fjárfestinga. Meðalaldur sjóðfélaga er lágur, tryggingafræðileg staða er í lagi og innstreymi iðgjalda er mun meira en útgreiðslur lífeyris á næstu árum. Staða sjóðsins gefur mikið svigrúm varðandi val á markmiðum um ávöxtun, áhættu og fjárfestingartíma. Lífeyrissjóðurinn er langtímafjárfestir og þol sjóðsins fyrir sveiflum í ávöxtun er mikið.

Markmið um ávöxtun til lengri tíma er 6,4% þar sem gert er ráð fyrir að ávöxtun verði oftast á bilinu 2% til 11%.

Fjárfestingarstefna sjóðsins fyrir árið 2006 er eftirfarandi:

Skuldabréf	50%
Ríkisskuldabréf	26%
Skuldabréf banka og sparisjóða	5%
Veðskuldabréf	5%
Skuldabréf sveitarfélaga	1%
Erlend skuldabréf	5%
Önnur skuldabréf	8%
Hlutabréf	40%
Innlend hlutabréf	20%
Erlend hlutabréf	20%
Óhefðbundnar fjárfestingar	10%

Heimilunni frávik skv. fjárfestingarstefnu eru 25%.



Fjárfestingar


Fjárfestingar 2005 (í þús. króna):

	Kaup	Sala	Nettó	%
Innlend hlutabréf	17.151.549	17.893.750	-742.201	-3%
Erlend verðbréf	7.305.828	1.449.121	5.856.707	24%
Ríkistryggð skuldabréf	6.543.902		6.543.902	26%
Skuldabréf fyrirtækja	5.521.769		5.521.769	22%
Skuldabréf banka og sparisjóða	2.348.285		2.348.285	9%
Skuldabréf sveitarfélaga	2.102.510		2.102.510	9%
Veðskuldabréf	1.770.887	868.686	902.201	4%
Önnur skuldabréf	2.200.000		2.200.000	9%
Samtals	44.944.730	20.211.557	24.733.173	100%

Verðbréfaeign

Skipting verðbréfaeignar sjóðsins 31.12.2005 (í þús. króna):

	Krónur	%
Ríkistryggð skuldabréf	47.185.709	26,50%
Innlend hlutabréf	45.427.926	25,50%
Erlend verðbréf	38.782.165	21,80%
Skuldabréf fyrirtækja	15.156.990	8,50%
Skuldabréf banka og sparisjóða	14.099.931	7,90%
Veðskuldabréf	9.851.985	5,60%
Skuldabréf sveitarfélaga	5.908.186	3,30%
Önnur skuldabréf	1.583.617	0,90%
Samtals	178.019.625	100%



Ávöxtun

Nafnávöxtun sjóðsins á árinu 2005 var 22,6% og raunávöxtun 17,8%. Meðalraunávöxtun sjóðanna sem sameinuðust í Gildi, Lífeyrissjóðsins Framsýnar og Lífeyrissjóðs sjómanna, er 8,6% síðustu 5 ár. Ávöxtun innlendra skuldabréfa á árinu var ágæt eða 9,6% og ávöxtun innlendra hlutabréfa var mjög góð eða 71,5%. Ávöxtun erlendar verðbréfaeignar í eigu sjóðsins var 18,6% í íslenskum krónum og er þá meðtalinn hagnaður af gengisstýringu sjóðsins.

Raunávöxtun einstakra eignaflokka árið 2005:

Innlend hlutabréf	64,70%
Erlend verðbréf	13,90%
Ríkistryggð skuldabréf	4,40%
Skuldabréf banka og sparisjóða	5,10%
Skuldabréf sveitarfélaga	3,70%
Skuldabréf fyrirtækja	6,70%
Veðskuldabréf	4,90%
Önnur skuldabréf	6,40%




Innlend hlutabréf

Innlend hlutabréf sjóðsins hækkuðu verulega á árinu. Ávöxtun innlendra hlutabréfa var 71,5% en til samanburðar hækkaði Úrvalsvísitala Kauphallar Íslands um 64,7% þannig að hlutabréfasafn sjóðsins bar 6,8% ávöxtun umfram Úrvalsvísitöluna. Innlend hlutabréf námu 45 milljörðum króna í árslok 2005 eða 25% af heildareignum sjóðsins. Skráð innlend hlutabréf voru 42,5 milljarðar króna eða 95% og óskráð hlutabréf 2,5 milljarðar eða 5%.

Stærstu hlutabréfaeignir sjóðsins og hlutdeild í viðkomandi félagi (í þús. króna)

KB-banki hf.	14.948.211	3,00%
Straumur-Burðarás hf.	6.669.697	4,00%
Bakkavör Group hf.	4.890.855	5,90%
Íslandsbanki hf.	4.256.815	2,00%
Landsbanki Íslands hf.	4.234.510	1,50%
Actavis hf.	2.910.611	1,70%
Landsími Íslands hf.	2.475.000	8,00%
FL Group hf.	1.576.523	1,40%
Össur hf.	722.621	1,70%


Ávöxtun innlendra hlutabréfa sjóðsins í samanburði við úrvalsvísitölu Kauphallar:



Fjárfestingar erlendis


Erlendir hlutabréfamarkaðir hækkuðu á árinu 2005. Heimsvísitala MSCI hækkaði um 12,2% á árinu í íslenskum krónum. Lítil ávöxtun var þó á stærsta hlutabréfamarkaði heims, Bandaríkjunum. Ávöxtun heimsvísitölnunnar var að mestu borin uppi af hækkingum á mörkuðum í Evrópu og Japan. Aukinn hagnaður fyrirtækja í Evrópu og langþráður vöxtur og væntingar um áframhaldandi vöxt í Japan voru meginþæringarnar á hækkingum hlutabréfa á þessum svæðum.

Þróun á erlendum vísitölum í heimamynt



Erlent hlutabréfasafn Gildis hækkaði um 16,3% á árinu 2005 eða 4,1% umfram viðmiðunarvísitölu sem hækkaði um 12,2%.

Samanburður á erlendu safni við heimsvísitölu



Óhefðbundnar fjárfestingar

Auk þess að fjárfesta í erlendum hlutabréfum og skuldabréfum fjárfestir sjóðurinn í öðrum eignaflokkum erlendis, svokölluðum óhefðbundnum fjárfestingum (alternative investments). Þær fjárfestingar skiptast í vogunarsjóði (Hedge Funds) og framtakssjóði (Private Equity). Vogunarsjóðir skiluðu 4% ávöxtun á árinu 2005 á meðan framtakssjóðirnir skiluðu engri ávöxtun, en þeir eru í eðli sínu langtímafjárfesting þar sem ávöxtun skilar sér á seinni hluta líftíma þeirra. Heildarávöxtun erlendra fjárfestinga sjóðsins í íslenskum krónum var 18,6% á árinu 2005.


Yfirlit yfir stærstu fjárvörsluaðila sjóðsins í árslok 2005:

Fjárvörsluaðili	Þús. kr
Hlutabréfasjóðir (Global Equity)	
Morgan Stanley	9.011.688
Alliance Bernstein	8.442.658
Vanguard	4.598.991
State Street	2.191.003
JP Morgan	2.070.014
Capital International	1.796.821
Íslandsbanki	1.031.247
Templeton	980.302
Schroders	675.565
Vogunarsjóðir (Hedge Funds)	
Morgan Stanley	1.553.298
KB-banki	696.620
Gottex	684.105
LGT	669.636
Pioneer	338.765
Framtakssjóðir (Private Equity)	
Schroders	461.050
Morgan Stanley	380.616
Crossroads/Lehman Brothers	297.763
Merrill Lynch	199.733
Paul Capital	158.458
LGT	113.648

Gjaldmiðlaskiptasamningar

Sjóðurinn hefur gert framvirka gjaldmiðlaskiptasamninga í þeim tilgangi að draga úr gjaldeyrisáhættu sjóðsins. Í árslok 2005 voru 22% af eignum sjóðsins í erlendum gjaldmiðlum. Þegar krónan styrktist lækka þessar eignir í íslenskum krónum og öfugt þegar krónan veikist. Á síðasta ári styrktist íslenska krónan um 7,3%. Mikill vaxtamunur við útlönd, hækkandi stýrivextir, hagvöxtur og stóraukin útgáfa erlendra aðila á skuldabréfum í íslenskum krónum skýrði styrkingu krónunnar á árinu 2005. Þetta hafði þau áhrif að erlendar eignir sjóðsins lækkuðu í íslenskum krónum. Til þess að mæta þessu gengistapi gerði sjóðurinn framvirka gjaldmiðlaskiptasamninga og dró það verulega úr gengistapi sem sjóðurinn hefði annars orðið fyrir. Hagnaður af gjaldmiðlaskiptasamningum var 1,2 milljarðar króna.

Á meðfylgjandi mynd má sjá þróun gengis ISK og EUR/USD á árinu 2005.



Séreignardeild

Við sameiningu Lífeyrissjóðsins Framsýnar og Lífeyrissjóðs sjómanna runnu saman séreignardeildir sjóðanna og til varð séreignardeild Gildis. Séreignardeild Lífeyrissjóðs sjómanna var í vörslu hjá KB-banka en við sameininguna fluttust réttindi hennar yfir til Gildis og er nýi sjóðurinn vistaður og ávaxtaður hjá Gildi. Tvær leiðir séreignardeilda eldri sjóðanna voru mjög líkar, en auk þeirra bauð Lífeyrissjóður sjómanna upp á þriðju leiðina sem nú hefur verið bætt inn í séreignardeild Gildis sem Framtíðarsýn 3, en það er bundinn verðtryggður innlánsreikningur. Sú leið hentar þeim sem vilja taka litla áhættu og þeim sem eru að nálgast lífeyrisaldurinn.

Eignir séreignardeildarinnar jukust um 348 milljónir á árinu og var hrein eign til greiðslu lífeyris 1.594 milljónir í árslok 2005 sem er um 28% aukning frá fyrra ári. Fjöldi rétthafa séreignardeildarinnar var í árslok 38.905 og er aukningin milli ára tæp 16%.

Ávöxtun séreignardeildarinnar var í samræmi við þróun markaðarins á árinu. Skuldabréf sjóðanna eru gerð upp á markaðskröfu og í kjölfar hækkandi vaxta Seðlabanka hækkaði ávöxtunarkrafa markflokka á skuldabréfamarkaði. Það hafði neikvæð áhrif á ávöxtun skuldabréfa og þar með á ávöxtun séreignardeildanna. Mjög góð ávöxtun var hins vegar á innlendum hlutabréfum á árinu og var hún betri en Úrvalsvísitala Kauphallar Íslands. Það sem skýrir mismun á ávöxtun samtryggingardeildar og séreignardeildar er annars vegar mismunandi fjárfestingarstefna og hins vegar uppgjörsaðferð sjóðanna á markaðsskuldabréfum. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðastliðin 4 ár er 10,67% í Framtíðarsýn 1 og 10,43% í Framtíðarsýn 2.

Ávöxtun á árinu var eftirfarandi:

Framtíðarsýn 1 - raunávöxtun 11,0% - nafnávöxtun 15,7%
Framtíðarsýn 2 - raunávöxtun 5,4% - nafnávöxtun 10,2%
Framtíðarsýn 3 - raunávöxtun 4,3% - (verðtryggður innlánsreikningur)

Eignir séreignardeildarinnar voru þannig í árslok 2005:

Framtíðarsýn 1:	Skuldabréf	61,7%
	Innlend hlutabréf	19,3%
	Erlend hlutabréf	19,0%
Framtíðarsýn 2:	Skuldabréf	75,8%
	Innlend hlutabréf	12,2%
	Erlend hlutabréf	12,0%
Framtíðarsýn 3:	Bundinn innlánsreikningur	100%

Tryggingafræðileg úttekt

Tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins í árslok 2005 var unnin af Talnakönnun hf. Úttektin fólst í að reikna annars vegar áfallna skuldbindingu miðað við áunninn rétt sjóðfélaga og hins vegar heildarskuldbindingu miðað við að sjóðfélagar haldi áfram að greiða í sjóðinn þar til þeir fara á lífeyri.

Taflan hér að neðan sýnir niðurstöðu úttektarinnar. Til samanburðar er sýnd samantekin niðurstaða úttekta á Lífeyrissjóði sjómanna og Lífeyrissjóðnum Framsýn sem miðast við árslok 2004 og réttindareglur Gildis.

Allar fjárhæðir eru í milljónum króna.

	2005		2004	
Áfallin staða				
Eignir	184.780		150.783	
Áfallin skuldbinding	152.603		134.762	
Staða	32.077	+ 21,0%	16.021	+ 11,9%
Heildarstaða				
Eignir	292.723		237.327	
Heildarskuldbinding	263.846		231.261	
Staða	28.877	+ 10,9%	6.066	+ 2,6%

Úttektin sýnir að heildarstaða sjóðsins er jákvæð um 28,9 milljarða, eða 10,9%, og áfallin staða um 32,1 milljarð, eða 21,0%. Samkvæmt lögum má heildarstaða sjóðsins aldrei vera verri eða betri en 10% af heildarskuldbindingu og jafnframt má staðan ekki vera verri eða betri en 5% samfellt í fimm ár. Staða sjóðsins er því betri en sá rammi sem löggin setja þar sem heildarstaðan er yfir 10% mörkunum og því er skylt samkvæmt lögum að auka réttindi sjóðfélaga.

Sjóðstjórn hefur að fengnu álit tryggingafræðings sjóðsins ákveðið að gera á ársfundi sjóðsins 26. apríl 2006 tillögu um 7% aukningu áunninna réttinda, en kostnaður af því er áætlaður 10,5 milljarðar króna. Sjóðurinn á því eftir hækkun um 18,4 milljarða króna eða sem svarar 6,7% umfram heildarskuldbindingar og er staða hans því mjög traust. Sjóðstjórn telur hins vegar óvarlegt að ganga lengra að sinni í aukningu réttinda, einkum vegna mikillar óvissu um þróun á tryggingafræðilegum forsendum í starfsemi sjóðsins vegna hækkandi lífaldurs og mikillar örorkubyrði. Þá er nokkur óvissa um það hver kostnaður sjóðsins verður af hinu blandaða ávinnslukerfi sem sjóðurinn innleiddi.

Gildi valinn besti lífeyrissjóðurinn á Íslandi

Gildi – lífeyrissjóður var kosinn besti lífeyrissjóður á Íslandi árið 2005 af tímaritinu Investment & Pensions Europe (IPE). Verðlaunin voru veitt 1. desember 2005 á árlegri verðlaunahátíð IPE sem haldin var í Berlín. Verðlaun þessi hafa verið veitt undanfarin 5 ár í Evrópu, en Ísland var með í fyrsta skipti á þessu ári. Blaðið hefur verðlaunað lífeyrissjóði sem hafa þótt skara framúr í sínu heimalandi eða í Evrópu.

Gildi hlaut verðlaunin m.a. fyrir eignastýringu og fram kemur í umfjöllun IPE að Gildi hafi sýnt framúrskarandi ávöxtun á árinu 2005 og undanfarin ár (forverar Gildis, Lífeyrissjóður sjómanna og Lífeyrissjóðurinn Framsýn).

Uppbygging verðbréfasafna hjá Gildi – lífeyrissjóði byggist á vali á fjárfestingarstefnu til lengri tíma þar sem m.a. er höfð til hliðsjónar aldursamsetning sjóðfélaga, tryggingafræðileg staða og framtíðarsjóðstreymi. Einnig er tekið tillit til þróunar skuldbindinga sjóðsins og jafnvægis milli eigna og skuldbindinga hans. Sem hluti af stefnumótandi ákvörðun hefur Gildi notað gjaldeyrisvarnir í þeim tilgangi að verja erlenda eignastöðu sjóðsins fyrir gengistapi. Gildi var meðal fyrstu lífeyrissjóða til þess að nota gjaldeyrisvarnir í uppbyggingu verðbréfasafna. Það hefur haft í för með sér betri ávöxtun og minni sveiflur.

Þá er Gildi enn fremur frumkvöðull í því að innleiða nýtt aldurstengt réttindakerfi sem margir aðrir sjóðir hafa tekið upp eða eru að taka upp á næstunni. Nýja kerfið byggir á því að taka upp aldurstengda ávinnsu réttinda í stað jafnrar og að tengja saman þessi tvö mismunandi kerfi til þess að gæta hagsmuna þeirra sjóðfélaga sem greitt hafa í jafnávinnslukerfi framan af starfsævi.







Ársreikningur 2005

Efnisyfirlit ársreiknings / Table of Contents

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	25
Áritun endurskoðenda	26
Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris	27
Efnahagsreikningur	28
Yfirlit um sjóðstreymi	29
Skýringar.....	30
Kennitölur.....	38
Yfirlit um breytingar á hreinni eign deilda til greiðslu lífeyris.....	42
Efnahagsreikningur deilda	43
Yfirlit um sjóðstreymi deilda.....	44
Endorsement by the Board of Director's and Managing Director	46
Auditor's Report	47
Statement of Changes in Net Assets for Pension Payments	48
Balance Sheet	49
Statement of Cash Flows	50
Financial Indicators	51

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Árið 2005 var fyrsta rekstrarár Gildis – lífeyrissjóðs sem varð til við sameiningu Lífeyrissjóðsins Framsýnar og Lífeyrissjóðs sjómanna. Sjóðurinn tók til starfa 1. júní 2005, en sameiningin byggði á uppgjöri sjóðanna í árslok 2004.

Ársreikningur sjóðsins er gerður í samræmi við reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Á árinu 2005 greiddu samtals 3.933 launagreiðendur iðgjöld til sjóðsins, samtals að fjárhæð kr. 6.628 fyrir 38.951 sjóðfélaga. Sjóðfélagar í árslok voru samtals 164.135.

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu alls 4.125 millj. kr. Ellilífeyrir nam 2.288 millj. kr., örorkulífeyrir 1.425 millj. kr., makalífeyrir 323 millj. kr., og barnalífeyrir 89 millj. kr. Fjöldi ellilífeyrisþega á árinu var 8.114, örorkulífeyrisþega 3.791, makalífeyrisþega 1.679 og 1.360 fengu greiddan barnalífeyri. Heildarfjöldi lífeyrisþega var 13.629. Til samanburðar voru lífeyrisgreiðslur á árinu 2004 samtals 3.697 millj. kr.

Sjóðurinn skiptist í tvær deildir, samtryggingardeild og séreignardeild. Hrein eign til greiðslu lífeyris samtryggingardeildar nam 179.702 millj. kr. í árslok 2005 og hækkaði á árinu um 35.171 millj. kr. eða 24,3%. Hrein raunávöxtun á eignum deildarinnar miðað við vísitölu neysliverðs var 17,7%.

Fjöldi réttihafa í séreignardeild sjóðsins var í árslok 38.905 og hrein eign deildarinnar til greiðslu lífeyris nam 1.594 millj. kr. í árslok 2005. Raunávöxtun séreignardeildar var þannig: Framtíðarsýn I 10,5%, Framtíðarsýn II 4,8% og Framtíðarsýn III 8,6%.

Lífeyrissjóðurinn fjárfesti fyrir 109.973 millj. kr. á árinu, en vísað er til ársreiknings varðandi skiptingu fjárfestingarinnar.

Tryggingafræðileg úttekt var gerð á stöðu samtryggingardeildar sjóðsins miðað við árslok 2005. Samkvæmt henni átti sjóðurinn 32.077 millj. kr. umfram áunnin réttindi sjóðfélaga og 28.877 millj. kr. umfram heildarskuldbindingar í árslok miðað við 3,5% vexti. Eignir umfram skuldbindingar í árslok 2005 nema því 10,9%.

Stjórn sjóðsins hefur ákveðið að leggja til við ársfund sjóðsins að réttindi sjóðfélaga og lífeyrisþega verði hækkuð um 7% frá 1. janúar 2006.

Stjórn Gildis – lífeyrissjóðs og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning sjóðsins með undirritun sinni.

Reykjavík, 8. febrúar 2006

Stjórn:
Ari Edwald

Höskuldur H. Ólafsson
Helgi Laxdal
Þórunn Sveinbjörnsdóttir

Konráð Alfreðsson
Sigurður Bessason
Hjörtur Gíslason

Framkvæmdastjóri:
Árni Guðmundsson

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og sjóðfélaga Gildis – lífeyrissjóðs.

Við höfum endurskoðað ársreikning Gildis – lífeyrissjóðs fyrir árið 2005. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1 – 27. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2005, efnahag hans 31. desember 2005 og breytingu á handbæru fé á árinu 2005, í samræmi við lög og góða reikningskilavenju.

Reykjavík, 8. febrúar 2006.

Helgi F. Arnarson
Hrafnhildur Helgadóttir

KPMG Endurskoðun hf.

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2005

	Skýr.	2005	2004
Iðgjöld:			
Iðgjöld sjóðfélaga		2.428.993	2.227.515
Iðgjöld launagreiðenda.....		4.225.172	3.463.521
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(26.358)	(46.777)
	4	<u>6.627.807</u>	<u>5.644.259</u>
Lífeyrir:			
Lífeyrir	13	4.125.145	3.697.309
Umsjónarnefnd eftirlauna		(29.235)	(34.984)
Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris		12.889	15.107
		<u>4.108.799</u>	<u>3.677.432</u>
Fjárfestingartekjur:			
Tekjur frá hlutdeildarfélagum		0	1.618
Tekjur af eignarhlutum	5	18.302.356	13.079.531
Tekjur af húseignum	6	7.200	4.116
Hagnaður af sölu fjárfestinga		13.444	3.113
Vaxtatekjur og gengismunur	7,14	14.945.106	10.669.304
Niðurfærsla veðskuldabréfa	11,21	23.732	(35.949)
		<u>33.291.838</u>	<u>23.721.733</u>
Fjárfestingargjöld:			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	8	112.753	76.253
Önnur fjárfestingargjöld		0	22.282
		<u>112.753</u>	<u>98.535</u>
Rekstrarkostnaður:			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	8	188.829	199.841
Kostnaður vegna sameiningar		20.570	7.890
		<u>209.399</u>	<u>207.731</u>
Aðrar tekjur	9	29.669	25.978
Hækkun á hreinni eign á árinu		35.518.363	25.408.272
Hrein eign frá fyrra ári		<u>145.777.994</u>	<u>120.369.722</u>
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	26	<u><u>181.296.357</u></u>	<u><u>145.777.994</u></u>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

Efnahagsreikningur 31. desember 2005

	Skýr.	2005	2004
Fjárfestingar:			
Fasteign.....	10,17	209.440	308.795
Hlutdeildarfélag		0	28.392
		<u>209.440</u>	<u>337.187</u>
Aðrar fjárfestingar:			
Verðbréf með breytilegum tekjum	11,18	84.210.091	56.580.141
Verðbréf með föstum tekjum	11,19	83.934.433	75.292.345
Veðlán.....	11,20,21	9.851.985	10.213.592
Bundnar bankainnstæður		23.116	22.393
Fullnustueignir		6.271	38.890
		<u>178.025.896</u>	<u>142.147.361</u>
Kröfur:			
Kröfur á launagreiðendur	4	657.819	629.482
Aðrar kröfur	23	634.112	1.192.226
		<u>1.291.931</u>	<u>1.821.708</u>
Aðrar eignir:			
Rekstrarfjármunir.....	17	49.477	24.553
Sjóður og veltiinnlán		2.051.204	1.564.665
		<u>2.100.681</u>	<u>1.589.218</u>
Eignir samtals		<u>181.627.948</u>	<u>145.895.474</u>
Skuldir:			
Aðrar skuldir	24	331.591	117.480
Hrein eign til greiðslu lífeyris:	26	<u>181.296.357</u>	<u>145.777.994</u>
Skípting á hreinni eign til greiðslu lífeyris:			
Hrein eign samtryggingardeildar		179.702.206	144.531.656
Hrein eign séreignardeildar		1.594.151	1.246.338
		<u>181.296.357</u>	<u>145.777.994</u>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2005

	2005	2004
Inngreiðslur:		
Iðgjöld	6.599.253	5.554.325
Fjárfestingartekjur	24.841.542	6.375.320
Afborganir verðbréfa	28.354.775	8.469.172
Seld verðbréf með breytilegum tekjum	48.632.438	25.862.420
Seld verðbréf með föstum tekjum	7.046.041	13.130.540
Seldar aðrar eignir	120.190	0
Aðrar inngreiðslur	773.743	25.978
	<u>116.367.982</u>	<u>59.417.755</u>
Útgreiðslur:		
Lífeyrir	4.108.799	3.675.686
Fjárfestingargjöld	100.625	94.549
Rekstrarkostnaður án afskrifta	211.966	195.776
Aðrar útgreiðslur	3.092	237.183
	<u>4.424.482</u>	<u>4.203.194</u>
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og öðrum fjárfestingum	111.943.500	55.214.561
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum	(67.614.853)	(29.258.247)
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum	(42.357.877)	(24.227.742)
Ný veðlán	(1.441.897)	(1.242.536)
Kaup á fullnustueignum	0	(823)
